

LÖG

um breytingu á lögum nr. 58 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Próunarsjóð lagmetisiðnaðarins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í stað „31. desember 1982“ í 13. gr. kemur: 31. desember 1983.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. maí 1982.

Friðjón Þórðarson.

Jón Helgason.

Logi Einarsson.

(L. S.)

Hjörleifur Guttormsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 13/1979, um breyting á þeim lögum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

A.

Í stað orðsins „samkeppnisnefndar“ í 1. mgr. 3. gr. laganna komi orðin: þriggja manna nefndar.

B.

Á eftir 3. mgr. 3. gr. laganna komi tvær nýjar mgr. er orðist svo:

Verðlagsstjóri er formaður þriggja manna nefndar. Viðskiptaráðherra skipar aðra nefndarmenn, annan skv. tilnefningu Alþýðusambands Íslands og hinn skv. tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og skulu þeir ekki eiga sæti í verðlagsráði.

Varaformaður þriggja manna nefndar er varaverðlagsstjóri. Aðrir varamenn skulu skipaðir á sama hátt og um getur í 4. mgr. greinar þessarar. Nefndarmenn skulu skipaðir til sama tíma og verðlagsráðsmenn.